

REBEKKA ÞRÁINSDÓTTIR

Brögð og brellur í *Riddaraliði* Ísaaks Babels

Inngangur

Vorið 1920 hélt Fyrsta riddaralið Rauða hersins, undir forystu herforingjans Semjons Búdjonnys,¹ síðar yfirhershöfðingja í Sovétríkjunum, í herför til Póllands. Bolshevíkar ætluðu sér að nota slagkraft borgarastríðsins, sem staðið hafði frá byltingunni 1917, til að breiða fagnaðarerindi kommúnismans og betra lífs út til Mið-Evrópu og þaðan áfram um heimsbyggðina alla. Uppistaðan í þessu riddaraliði voru kósakkar, sem samkvæmt staðalímyndinni voru óttalausir og miskunnarlausir stríðsmenn og afburðahestamenn. Með í þessari för var rithöfundurinn Ísaak Babel, gyðingur úr borgarastétt frá Odessu. Undir dulnefni gegndi hann starfi fréttaritara fyrir úmaritið *Rauða riddaraliðann* (*Красный кавалерист*; Krasnyj kavalerist). Herinn fór um landamærasvæði Austur-Póllands og Vestur-Úkraínu þar sem víða voru búsetusvæði hassída-gyðinga. Þessi svæði höfðu orðið illa úti í heimsstyrjöldinni fyrri og nú urðu þau fyrir bardinu á stríðandi fylkingum Pólverja og Rauða hersins, með tilheyrandi hörmungum og eyðileggingu.

Babel var með riddaraliðinu fram til loka september og hélt á þeim tíma dagbók sem varð grunnurinn að þeim sögum sem nú eru einu nafni kallaðar *Riddaraliðið* (*Конармия*; Konarmíja). Leiðangur Rauða hersins fór út um þúfur og í Sovétríkjunum vildu ráðamenn helst gleyma þessari feigðarför sem allra fyrst. Vinsældir sagna Babels urðu hins vegar til þess að herförin gleymdist ekki svo glatt – hvorki þá né síðar.²

¹ Semjon Míkhajlovítsj Búdjonnjy, 1883–1973, hlaut ótal heiðursorður, fór fyrir herjum í öllum stríðum sem hægt var og varð seinna marskálfur í Sovétríkjunum.

² „The Red Cavalry Stories“, *The Complete Works of Isaak Babel*, ritstjóri Nathalie Babel, New York, London: W.W. Norton & Company, 2002, bls. 197–201, hér bls. 201.



Í þessari grein verður fjallað um tvö meginþemu verksins: „Ljútov og hermenn Rauða hersins/kósakkarnir“ og „Ljútov og gyðingarnir“. Ljútov er beggja vegna borðs og utangátta á hvorum staðnum fyrir sig. Hann ber óttablandna virðingu fyrir kósökkunum og er forvitinn um þá. Afstaða þeirra til hans er tvíþent: Þeir umbera hann, en fyrirlíta um leið og líta svo á að hann telji sig yfir þá hafinn. Gyðingarnir sem hann hittir eru ólíkir þeim lífsglöðu gyðingum sem hann þekkir frá Odessu. Hann reynir að skilja þá, en gerir það ekki nema að vissu marki og sú tilfinning er gagnkvæm.

Ísaak Babel, 1894–1940: Söngfugl að sunnan

Ísaak Emmanúílovítj Babel var gyðingur, fæddur inn í kaupmannsfjölskyldu í Odessu árið 1894. Vegna fjöldatakmakana fyrir gyðinga fékk Babel ekki pláss í Háskólanum í Odessu, og innritaðist í staðinn í Viðskiptafræðiskólann í Kyjív árið 1911. Árið 1916 fór hann til Sankti-Pétursborgar að freista gæfunnar sem rithöfundur. Þar tók rithöfundurinn Maksím Gorkí (1868–1936) Babel undir sinn verndarvæng. Í örstuttu æviágripi, frá árinu 1924, segir Babel að sér hafi þótt eigin skrif „ótrúlega léleg“ og að Gorkí hafi talið að Babel skorti alvöru líf-reynslu og til að bæta úr því sent hann „út á meðal fólks“.³ Babel var á þessu ferðalagi meðal fólks í sjö ár, á einum mestu hamfaraárum í sögu Rússlands, 1917–1924, með byltingu, hungursneyð og hörmulegu borgarastríði:

Á þessum tíma var ég hermaður á rúmensku vígstöðvunum, síðan var ég í þjónustu Tsjeka⁴, í nefnd um menntamál, tók þátt í matarúthlutunarferðum, var í Norðurhernum gegn Júdenítsj⁵, og í Fyrsta Riddaralíðinu [...] Það var ekki fyrr en árið 1923 að ég lærði loks að setja fram hugsanir mínar á skýran og sæmilega gagnorðan hátt. Þá tók ég aftur til við skriftir.⁶

³ Исаак Бабель, „Автобиография“, *Сочинения в двух томах. Том первый*, Moskva: Художественная литература, 1990, bls. 31–32. Framvegis verður vísað í þetta tveggja binda safn með titli verks, númeri bindis og blaðsíðutali. Allar þýðingar í greininni eru eftir greinarhöfund, nema ef annað er tekið fram.

⁴ Leynilögregla hins nýstofnaða ríkis. Þetta er framburður á skammstöfun stofnunarinnar, Чрезвычайная Комиссия (Tsjrezvítjajnaja Komíssiija; Sérstök nefnd); „ЧК“ – Tsjeka.

⁵ Nikolaj Júdenítsj (1862–1933), hershöfðingi í rússneska keisaradæminu. Í borgarastríðinu fór hann fyrir hersveitum sem börðust gegn sovétvaldinu.

⁶ Исаак Бабель, „Автобиография“, 1, bls. 32. Efraim Sicher segir þetta vera hluta af sjálfsmyndarsköpun rithöfundar „sem vildi fela það hve persónulegur hann var, bak við grímu sovésks rithöfundar sem hafði sagt skilið við fortíð sína sem gyðingur úr borgara-

Þegar liða tók á þriðja áratug tuttugustu aldar fóru vindar ritskoðunar, ríkisrekinnar bókmenntastefnu og ofsókna að leika um Sovétríkin. Eiginkona Babels fór til Parísar árið 1925 þar sem þeim hjónum fæddist dóttirin Natalia árið 1929. Babel átti í langtímaástarsamböndum við aðrar konur heima í Sovétríkjunum og eignaðist son og dóttur með tveimur konum. Hann naut um tíma talsverðs frelsis og forréttinda, ferðaðist og hafði tækifæri til að vera samvistum við fjölskyldu sína í París. Hvað sem ástandinu heima leið gat Babel ekki hugsað sér að yfirgefa Sovétríkin. Rithöfundurinn Boris Souvarine hefur eftir Babel: „Ég er rússneskur rithöfundur. Ef ég byggji ekki á meðal rússnesku þjóðarinnar, gæti ég ekki verið rithöfundur. Ég yrði eins og fiskur á þurru landi.“⁷ Hann fékk það þó ekki af sér að stunda ritstörf með formerkjum stjórnvalda og sósíalrealisma og því skrifaði hann lítið sem ekkert á fyrstu árum fjórða áratugarins. Það eitt dugði til að vekja tortryggni opinberra aðila; dregið var úr útgáfum verka hans og ferðafrelsi hans skert. Til að gera langa sögu stutta fór það svo að Babel var handtekinn í maí 1939, hann játaði á sig alls kyns sakir og var dæmdur fyrir hryðjuverkastarfsemi og njósnir og skotinn í janúar 1940. Sögur Babels voru bannaðar og það var ekki fyrr en eftir dauða Stalíns að Babel, ásamt fleiri höfundum, fékk uppreisn æru og farið var að gefa verk hans út aftur.

Höfundarverk Babels er ekki mikið að vöxtum, á við langa skáldsögu eftir Dostojevskí. Auk *Riddaraliðsins* skrifaði hann Odessusögurnar, sem fjalla um mafíósa þar í borg úr hópi gyðinga, nokkurn fjölda annarra smásagna, sem sumar eru kallaðar „ævisögulegar“, en einnig leikrit og kvikmyndahandrit.⁸ Babel leit á sig sem rússneskan höfund en þemu sem tengjast gyðinglegum uppruna hans voru honum alla tíð hugleikin.

Babel er þekktur fyrir afar knappan stíl, enda var það metnaðarmál hans að hreinsa sögur sínar af öllum óþarfa. Myndir og líkingar eru nýstárlegar, andstæður eru áberandi, allt er úthugað og sögurnar margendurskrifaðar. Samkvæmt frásögn rithöfundarins Konstantín Pástovskí (1892–1968), hafði Babel óbeit á málalengingum og hvert „óþarft orð vakti beinlínis hjá honum líkamleg-

stétt.“ Efraim Sicher, *Babel? in Context. A Study in Cultural Identity*, Boston: Academic Studies Press, 2012, bls. 29.

⁷ Boris Souvarine, *Souvenirs sur Panait Istrati, Isaac Babel, et Pierre Pascal*, ritstjóri Gerard Lebovici, París 1985, bls. 34. Hér skv. Nathalie Babel, „Preface“, *The Complete Works of Isaac Babel*, bls. 19–28, hér bls. 27.

⁸ Fáar sögur hafa verið þýddar eftir höfundinn á íslensku og lítið sem ekkert um hann fjallað. Fjölmargar útgáfur eru til á verkum höfundar á ensku sem auðvelt er að nálgast. Þeim sem vilja kynna sér höfundinn betur er bent á til dæmis *The Complete Works of Isaac Babel*, ritstjóri Nathalie Babel, New York, London: W.W. Norton & Company, 2002. Bókin er til á Þjóðarborgklöðu og auðvelt er að nálgast hana á rafrænu formi, til dæmis í gegnum archive.org.

an viðbjóð.⁹ Babel taldi að smásagan ætti að vera nákvæm og skýr, og líkingar jafn nákvæmar og lógorytmar.¹⁰ Babel sagðist eiga erfitt með að skrifa langar setningar vegna þess að hann þjáðist af astma og þóttist auk þess ekki hafa neitt ímyndunarafl, og gæti ekki skrifað nema vera búinn að komast fullkomlega til botns í hlutum: „Þess vegna skrifa ég svo hægt og lítið. Mér er þetta afar erfitt. Ég eldist um nokkur ár með hverri sögu.“¹¹

Riddaraliðið: *Satt eða logið?*

Sögurnar í *Riddaraliðinu* eru allt frá því að vera 137 orð og upp í tæplega tvö þúsund, en flestar eru þær tvær til þrjár blaðsíður. Þær stystu eru aðeins svipmyndir og þær lengstu ævibættir eða frásagnir af tilteknum persónum sem ekki eru endilega aðilar að átökunum. Sögumenn eru fleiri en einn en sá atkvæðamesti og sá sem tengir sögurnar saman er Kírill Ljútov, sem var dulnefni Babels sjálfs meðan á herförinni stóð. Hann er gyðingur eins og Babel, menntamaður og gleraugna-glámur – sem eru allt þættir sem marka stöðu hans í herliði kósakkanna, og gagnvart því fólki, flest gyðingar, sem fyrir herdeildinni verður. Í takt við ringulreið borgarastríðsins mynda sögurnar flókna og ruglingslega heild sem lesandinn á oft erfitt með að henda reiður á. Hver saga stendur þó sem sjálfstætt listaverk líkt og stríðsljósmynd sem rýna má í og reyna að greina svipbrigði, staðhætti, ljós og skugga.

Sögurnar í *Riddaraliðinu* birtust flestar í blöðum og tímaritum í Leníngrad¹² og Odessu á árunum 1923–1924. Árið 1926 komu 34 sagnanna saman út á bók með ofangreindum titli. Nokkrar sögur bættust við síðar, en þær eru yfirleitt ekki hafðar með sem hluti af *Riddaraliðinu*, að undanskildum sögunum „Argamak“ (Аргамак; Argamak), 1932, og „Kossinum“ (Потселуй; Potselúi), 1937.¹³ Sögurnar nutu vinsælda, voru þýddar á fjölmörg tungumál og oft endurútgefnar á næstu árum í Sovétríkjunum. Þetta eru þær sögur Babels sem víðast hafa farið – þær gerðu hann mikilvægan í bókmenntalífi Sovétríkjanna, færðu honum heimsfræð og eiga sinn þátt í að hann er talinn til helstu meistara smásögunnar.

⁹ Константин Паустовский, „Рассказы о Бабеле“, *Воспоминания о Бабеле*, ritstjórar А. Н. Пирожкова og Н. Н. Юргенева, Москва: Книжная палата, 1982, bls. 11–49, hér bls. 43.

¹⁰ Sama heimild, bls. 30.

¹¹ Sama heimild, bls. 27.

¹² Nafni Sankti-Pétursborgar var breytt í Petrograd á tímum fyrri heimstyrjaldarinnar. Borgin bar nafnið Leníngrad á árunum 1924–1991, þegar hún fékk aftur sitt gamla nafn.

¹³ Þetta er þó ekki einhlítt og mismunandi eftir útgáfum.

Ekki voru þó allir jafnhrífir. Fyrirnefndur Búdjonnyj, foringi riddaraliðsins, gagnrýndi Babel opinberlega fyrir sögurnar og sagði að greinilegt væri að hetjuleg framganga Rauða hersins hefði eitthvað farið fram hjá félaga Babel. Af sögum hans mætti helst skilja að byltingin hefði ekki verið gerð af „stétt sem þroskast hefði til skilnings á hagsmunum eigin stéttar og gildi þess að taka virkan þátt í baráttu fyrir völdum, heldur af morðingjum, ræningjum og vændiskönum, sem hefðu með ofbeldi og frekju tekið sér þetta vald.“¹⁴ Herforinginn var forviða yfir því að sovéskt tímarit skyldi sleppa slíkum „söngvum“ í gegn, án þess að skoða hugmyndafræði þeirra og sagnfræðilegar staðreindir.¹⁵ Gorkí kom Babel til varnar en gagnrýndi hann hins vegar fyrir að rómantísera kósakkana um of. Þessi ólíka afstaða, sem að miklu leyti er birtingarmynd pólitískra átaka, er til vitnis um hve órætt verkið er. Svo mikið er víst að lesandinn er oft litlu nær um siðferðilega og pólitíska afstöðu höfundarins að loknum lestri á *Riddaraliðinu*.¹⁶

Þegar sögurnar birtust fyrst í blöðum og tímaritum voru þær flestar undirritaðar með stað og dagsetningu.¹⁷ Þetta virðist gert til að tengja hverja sögu við tiltekinn stað og tíma og undirstrika þannig „trúverðugleika“ þeirra og tengingu við sögulega atburði. Samlestur dagbókar Babels og *Riddaraliðsins* sýnir að fjölmargar sagnanna eiga sér mjög ákveðnar fyrirmyndir í dagbókinni. Þegar farið var að gefa sögurnar út á bók hurfu dagsetningarnar smám saman. Í nokkrum tilfellum stóðu eftir mánuðir, en engar tilteknar dagsetningar.¹⁸ Upphaflega voru einnig notuð þó nokkur sannsöguleg nöfn í sögunum – sem flestum var skipt út fyrir „skálduð“ nöfn eftir fyrstu birtingu. Opinber gagnrýni á sögurnar og atugasemdir frá forlögum hafa líklega ráðið nokkru um þetta.

Ýtt er undir „sannsögulegan“ lestur á sögunum með því til dæmis að bera á borð bréf milli foringja í hernum og bréf sem Ljútov stelst í eða skrifar fyrir félaga sína. Einnig eru lagðar fram skýrslur um atburði, forsaga yfirmanna í hernum sögð og einstaka foringjar í hernum eru nefndir sínum réttu nöfnum. Sumar sögurnar heita eftir tilteknum persónum, eins og „Dauði Dolgushovs“;

¹⁴ Семён Будённый, „Бабизм Бабеля из «Красной нови»“, í: Исаак Бабель, *Избранное*, ritstjóri E. Шкловский, Moskva: Олимп, 2000, bls. 538–539. Greinin sem um ræðir, „Babismi Babels í „Krasnaja nov““, birtist fyrst í 3ja tölublaðið tímaritsins *Október*, 1924.

¹⁵ Sama heimild, bls. 539.

¹⁶ Sjá til dæmis Andrew Kahn o.fl., *A History of Russian Literature*, Oxford: Oxford University Press, 2018, bls. 716.

¹⁷ Nokkrar sögur sem ekki tengjast herförinni með beinum hætti, sögur sem aðrir en Ljútov segja eða þar sem dagsetningar koma fram voru undanskyldar þessari reglu.

¹⁸ Е. И. Погорельская, „«Конармия» Исаака Бабеля“, í: И. Бабель, *Конармия*, ritstjóri М. Л. Береснева, Москва: Наука, 2018, bls. 271–335, hér bls. 290–293.

„Riddarasveitarforinginn Trúnov“, „Príshjeba“, „Pan Apolek“, „Gedali“, „Afonka Bida“ og fleiri. Einnig eru notuð staðarnöfn og þannig gefið til kynna hvar atburðir eiga sér stað, svo sem „Farið yfir Zbrútsj“, „Kirkjan í Novograd“, „Leiðin til Broði“ og „Berestetsjko“.

Augljóst er að Babel notar raunverulega atburði, staði og persónur sem bakgrunn fyrir skáldskap. Eftir því sem skrifunum vatt fram hvarf hann hins vegar frá því að halda sig við sagnfræðilegar staðreyndir og ákvað þess í stað að koma hugsunum sínum til skila samkvæmt lögmálum bókmenntanna – eins og hann segir sjálfur í bréfi til ritstjórnar tímaritsins *Október*.¹⁹ Með því að má út tengsl *Riddaraliðsins* við tímalínu atburða og landafræði, er verkinu fundinn staður í þeim sannleika sem skáldskapurinn ræður yfir, og um leið í heimi goðsagna og sagnavitund þjóðarinnar.²⁰ Því er ekki endilega hirt um að rás atburða sé í rétttri röð eða að öll landafræði sé rétt, eins sýnt verður hér á eftir. Einnig er grafið undan þeirri tilfinningu að verið sé að endursegja raunveruleikann með því að hafa ekki eina allsráðandi höfundarrödd. Ekki er lagt mat á það sem gerist, heldur er því lýst – á expressjónískan hátt. Margar raddir fá að hljóma og þannig verður til áhrifamikil samtenging ólíkra stíla: mállyskur, „standard“ rússneska, áróðurstungutak byltingarinnar og þar fram eftir götunum. Babel gerir með þessu tilraun til að endurspeglar þá flóknu atburðarás sem byltingin og borgarastriðið er, sýna það frá ólíkum sjónarhornum, forðast eintóna frásögn og varpa ljósi á þá ólíku krafta sem þarna voru að verki. Victor Terras hefur bent á að persónur *Riddaraliðsins* verði yfirleitt á vegi okkar á því augnabliki þegar þær eru í hvað dýpstri krísu, og séu því notaðar til að draga fram tiltekna spennu sem innbyggð er í heim *Riddaraliðsins*: „Við fáum að sjá spennuna, ekki manneskjuna sem heild,“ segir Terras.²¹ Allt fellur þetta að hugmyndinni um að smásagan sýni okkur slitruvör úr lífinu, og mikilvægir þættir hennar séu afhjúpun, atvik, stemmning, innsæi, einhvers konar uppljómun þegar sannleikurinn lýkst óvænt upp (e. *the moment of truth*)²² og að hún takist fremur á við persónubundin

¹⁹ Исаак Бабель, „В редакцию журнала «Октябрь»“, 1, bls. 239–240.

²⁰ Е. И. Погорельская, „«Конармия» Исаака Бабеля“, bls. 292.

²¹ Victor Terras, „Line and Color. The Structure of Babel's Short Stories“, *Red Cavalry. A Critical Companion*, ritstjóri Charles Roughton, Evanston; Illinois: Northwestern University Press, 1996, bls. 115–134, hér bls. 122. Greinin birtist fyrst í *Studies in Short Fiction* 3: 2/1966, bls. 141–156.

²² Sjá til dæmis Mary Louise Pratt, „The Short Story. The Long and the Short of it“, *The New Short Story Theories*, ritstjóri Charles E. May, Athens; Ohio: Ohio University Press, 1994, bls. 91–113, hér bls. 99; Viorica Patea, „The Short Story. An Overview of the History and Evolution of the Genre“, *Short Story Theories. A Twenty-First-Century Perspective*, ritstjóri Viorica Patea, Amsterdam; New York: Radopi, 2012, bls. 1–24, hér bls. 15.

atvik og vandamál fremur en ástand þjóðar.²³ Hver saga í safninu stendur ein og sér sem fullgilt verk en þegar þær koma saman má hins vegar líta á þær sem eins konar sálfræðiskýrslu um heim riddaraliðsins og ef til vill ástand þjóðarinnar. Til að ná fram enn meiri áhrifum fá náttúran og ýmis höfuðtákn hennar veigamikil hlutverk í því að ljá atburðunum siðferðilegt inntak.

Sögurnar í Riddaraliðinu: Átök og ringulreið

Í upphafssögu safnsins, „Farið yfir Zbrútsj“ („Переход через Збруч“; Perekhod tsjerez Zbrútsj), fer herdeildin yfir ána Zbrútsj á leið sinni til bæjarins Novograd-Volínskí, sem nú var á valdi Rauða hersins. Af titli sögunnar er ljóst að farið er yfir mörk; farið er frá einum stað á annan, inn í heim ringulreiðar og ofbeldis, yfir mörk hins leyfilega, draums og veruleika, lífs og dauða... Löng málsgrein í upphafi sögunnar hefst sem friðsæl náttúrumynd, en þenst út og fær ógnvænlega merkingu; purpurarauður valmúi fangar hermennina með óþímuvímu sinni, meyarbókhveitið bíður örlaga sinna, sólin losnar af festingunni líkt og afskorið höfuð og heimurinn virðist farast með manni og mús í kolsvartri ánni þar sem snákar og eldingar blikar eins og logar vítis. Guðsmóðirin virðist gengin í klaustur og kemur engum til hjálpar. Þessi myndræna lýsing er fyrirboði þess sem koma skal:

Appelsínugul sólin veltist um himininn eins og afskorið höfuð, mild birta flóktir í gljúfrum skýjanna, gunnfánar sólsetursins blakta yfir höfðum okkar. Þefur af blóði gærdagsins og hesta sem hefur verið slátrað seytlar inn í kvöldkulið. Zbrútsj sortnar og drynjandi veltir hún hvítfyssandi hnútum flúða sinna. Brýrnar hafa verið eyðilagðar og við förum yfir ána á vaði. Mikilfenglegur máninn hvílir á öldunum. Vatnið flæðir upp á bak hestanna. Straumurinn fer með hljóðum milli fóta hundraða hesta. Einhver fer á kaf og ákallar guðsmóðurina. Áin er þakin svörtum ferningum vagnanna, full af gný, blístri og söngvum sem drynja yfir tunglsnákum og glitrandi holum.²⁴

Hvort sem um mistök eða viljaverk af hálfu höfundar er að ræða, þá verður hér strax til heimur blekkingar – sem líklega fer fram hjá mörgum. Novograd-Volínskí er ekki við ána Zbrútsj, heldur Slútsj.²⁵ Við erum eins og stödd

²³ Andrew Kahn, *The Short Story: A Very Short Introduction*, raðbók, Oxford University Press, 2012, 4. kafli, 1. efnisgrein.

²⁴ Исаак Бабель, „Переход через Збруч“, 2, bls. 6–7, hér bls. 6.

²⁵ Zbrútsj er nokkuð langt suð-vestur af bænum. Vissulega fór fram bardagi við ána

í ljósaskiptunum þar sem allt getur gerst. Þegar herliðið er komið til bæjarins er hermönnunum komið fyrir í hýbýlum bæjarbúa. Allt er á tjá og tundri eftir fyrri átök. Ljútov sýnir gyðingunum, sem er fyrirskipað að hýsa hann, óvænta fyrirleitningu með því að gefa í skyn að sóðaskapurinn sé þeim eiginlegur – ekki afleiðing hernaðarátaka – og lýsingin á þeim er eins og lóðbeint upp úr gyðingahatursbæklingi. Honum er vísað til hvílu við hlið sofandi manns. Í lok sögunnar kemur í ljós að hinn sofandi maður, faðir húsfreyjunnar, er dáinn. Pólverjarnir höfðu skorið hann á háls:

Hann hefur verið skorinn á háls, andlitið höggvið í tvennt, og í skeggi hans er blátt blóð, eins og molar úr blýi.

- Herra, segir gyðingakonan og hristir sængina, þegar Pólverjarnir misþyrmdu honum sagði hann við þá: Farið með mig í bakgarðinn svo að dóttir mín þurfi ekki að horfa á mig deyja. En þeir sinntu því engu, hann dó í þessu herbergi hugsandi um mig. Og nú vil ég vita, sagði konan skyndilega af ógnarkrafti, ég vil vita, hvar í öllum heiminum þér getið fundið annan eins föður og minn.²⁶

Efraim Sicher, sérfræðingur í ævi og verkum Babels, lítur svo á að með ruddalegri framkomu sinni, sé Ljútov að reyna að skilja sig frá fortíð sinni og bakgrunni, sem hann telur ekki eiga samleið með hjartri kommúnískri framtíð. Raunveruleikinn sem blasir við sögumanni í sögulok og örvæntingaróp konunnar opna gátir inn í heim tortúmingar mannlífa, ekki síst gyðinganna sem mest líða vegna stríðsrekstursins og héðan í frá á Ljútov í stöðugri baráttu við eigið sjálf og sjálfsmynd; hann er einn, dregst að því nýja og vestræna en getur ekki snúið baki við uppruna sínum.²⁷ Ljútov reynir þá, frekar en ekki neitt, að koma auga á einhvern tilgang og betri framtíð í ringulreið stríðsins en í stað þess fyllist hann djúpum trega, sem gjarnan er fangaður með hjálp náttúrumynda.

Ljútov ber óttablandna virðingu fyrir kósökkunum, hann er forvitinn um þá og dáist að sjálfsöryggi þeirra og glæsileik eins og sjá má í sögunni „Fyrsta gæsin mín“ („Мой первый гусь“; Moj pervyj gús):

Zbrútsj. Það var hins vegar nokkru síðar en þeir atburðir sem lýst er í sögunni áttu sér stað – og þá án þátttöku Fyrsta riddaraliðsins. E. И. Погорельская, „Примечания“, í: И. Бабель, *Конармия*, ritstjóri М. Л. Береснева, Москва: Наука, 2018, bls. 349–464, hér bls. 350.

²⁶ Исаак Бабель, „Переход через Збруч“, bls. 6.

²⁷ Efraim Sicher, *Babel' in Context*, bls. 171–173.

Savítskí, foringi sjöttu sveitar, stóð upp þegar hann sá mig og ég undraðist fegurð þessa mikilfenglega líkama. Hann stóð upp og í fjólu-bláum reiðbuxum, með rauða húfu, sem lá út á hlið og með orðurnar nældar í brjóstíð, skar hann kofann til helminga eins og fáni sem klýfur himininn.²⁸ [...]

[Hann] beindi gráum augum sínum, sem dönsuðu af fjöri, í áttina til mín.

[...] Ertu læs og skrifandi?

– Já, svaraði ég og öfundaði hann af krafti hans og æskublóma. Ég er lagakandidat frá Pétursborgarháskóla.

– Jæja, svo þú ert mömmustrákur, hrópaði hann hlajandi. Og með gleraugu á nefinu, þvílíkur vesalingur ... Þeir senda þig hingað án þess að spyrjast nokkuð fyrir, hér eru menn skornir á háls fyrir gleraugu. Heldurðu að þú lifir dvölina hjá okkur af?

– Ég lifi hana af, svaraði ég ...²⁹

Nú þarf Ljútov að sanna sig fyrir félögunum sem saman eru komnir í húsagarði skammt frá. Hann fær það ráð frá fylgdarmanni sínum að „svívirða siðþrúða dömu“ til að ávinna sér velþóknun kósakkanna. Hann kynnir Ljútov fyrir kósökkunum með þeim orðum að þeir eigi að taka vel á móti honum og ekki að vera með neinn prakkaraskap „vegna þess að þessi maður hefur þjáðst á vígvelli skólagöngunnar.“³⁰ Með grátbroslegum hætti er sagt frá því að Ljútov heimtar mat af gamalli konu sem svarar: „Félagi [...], mig langar mest að hengja mig út af þessu öllu.“³¹ Sögumaður tekur þá upp sverð sem liggur á jörðinni og fer að eltað við gæs í húsagarðinum. Þegar hann nær henni kremur hann höfuð hennar undir stígvélinu sínu í stað þess að beita sverðinu, sem telja má bæði viðvaningslegt og frumstætt, og skipar þeirri gömlu að elda hana. Félagarnir, sem höfðu sýnt honum alls kyns ruddaskap, svo sem með því að leysa niður um sig og freta á hann, taka hann í sátt. Í bili að minnsta kosti. Flestir eru þeir ólæsir og biðja hann því að lesa fyrir sig úr blöðunum við varðeldinn. Hann les fyrir þá hvatningu Leníns til hersins úr *Þróðu* og finnur fyrir kyrrð: „Kvöldið vafði mig inn í svalar og rakar rekkjuvoðir ljósaskiptanna, kvöldið lagði sína móður-

²⁸ Í fyrstu útgáfum notaði Babel nafn Semjons Konstantínóvtj Tímoshenko, 1895–1970, sem var foringi sveitarinnar í herförinni inn í Pólland. Tímoshenko, sem átti eftir að verða yfirhershöfðingi í Sovétríkjunum og varnarmálaráðgjafi, var afar glæsilegur á velli.

²⁹ Исаак Бабель, „Мой первый гусь“, 2, bls. 32–34, hér bls. 32.

³⁰ Sama heimild, bls. 33.

³¹ Sama heimild, bls. 33.

legu hönd á brennandi enni mitt.³² Ljútoð leggst til svefns með hermönnum á hlöðulofti og allt er gott. Hann dreymir „konur og það var aðeins hjarta mitt, sem roðnað hafði af morðinu, sem brakaði í og blæddi.“³³ Engu er líkara en að höfuð gæsarinnar ásækji hann.

Hjartasárið er eins og fyrirboði um erfiðleikana sem bíða Ljútoðs. Hann „lifir af“ en á fullt í fangi með það; utangátta, einmana gyðingur og menntamaður í herflokki meðal kósakka og stríðskappa. Í sögunum er miklu ofbeldi lýst, gagnvart gyðingum og innan raða herflokksins, konum er nauðgað, kirkjur lagðar í rúst og grafreitir vanhelgaðir. Til verður eins konar „kirkja ofbeldis þar sem ofbeldið er uppsprettan, birtingarmynd og afleiðing hins heilaga.“³⁴ Höfundurinn er á einhvern hátt heillaður af þessu, en þrátt fyrir óttablandna aðdáun sína á kósökkunum getur Ljútoð ekki tileinkað sér þessa list ofbeldisins, þótt hann feginn vildi, ekki einu sinni til að binda enda á þjáningar deyjandi samherja, eins og í sögunni „Dauði Dolgúshovs“ („Смерть Долгушова“; Smert Dolgúshova). Dolgúshov biður Ljútoð að veita sér náðarhöggið, en hann guggnar og kallar þar með yfir sig reiði góðs vinar sem tekur að sér verkið. Sá hvæsir á Ljútoð: „Farðu [...] annars drep ég þig. Þið gleraugnaglámarnir hafið álíka samúð með okkur og köttur með mús ...“³⁵ Í sögunni „Eftir bardagann“ (После боя; Posle boja) sem er sú þriðja síðasta í safninu³⁶, er Ljútoð kallaður rétttræpur „molokani“³⁷ af félaga sínum, því að hann hafi sleppt því að setja skothylki í vélbyssuna og þess vegna ekki svarað skothríð Pólverjanna, sem nú eru að hrekja riddaraliðið á flóttu. Enn er leitað á náðir náttúrunnar til að varpa ljósi á liðan og þrár Ljútoðs:

Þorpið fór á flot og bólgaði, rauður leir seytláði úr myrkum sárum þess. Fyrsta kvöldstjarnan blikaði yfir höfði mér og hvarf í skýin. Regnið lamdi víðitrén og rénaði. Kvöldið flaug upp í himininn eins og fuglahópur og myrkrið setti rakan krans á höfuð mitt. Ég var örmagna, og gekk áfram, lotinn undir kórónu dauðans og það örlögin að gæða mig þeim einfalda hæfileika að drepa manneskju.³⁸

³² Sama heimild, bls. 34.

³³ Sama heimild.

³⁴ Andrew Kahn o.fl., *A History of Russian Literature*, bls. 714.

³⁵ Исаак Бабель, „Смерть Долгушова“, 2, bls. 44–46, hér bls. 46.

³⁶ Miðað við upphaflegan fjölda sagnanna.

³⁷ Molokanar voru „sértrúarhópur“ sem trúðu á Guð, en samþykktu ekki kirkjulegt vald. Þeir neituðu að gegna herþjónustu og að bera vopn.

³⁸ Исаак Бабель, „После боя“, 2, bls. 122–124, hér bls. 124.

Kaldhæðnin er sú að nafn aðalsögumannsins, Ljútov, sem er jafn rússneskt og Ísaak Babel er gyðinglegt, er dregið af lýsingarorðinu *ljútyj* (лютый), sem merkir „grimmur“. En Ljútov býr ekki yfir þeim drifkrafti sem þarf til að ástunda grimmd. Hann er að vissu marki passívur áhorfandi, viðtakandi og miðlari áhrifa og frásagna, hvort heldur sem er meðal kósakanna eða gyðinganna.

Sögurnar, „Gedalí“ („Гедали“; Gedalí) og „Rabbíninn“ („Раббин“; Rabbí) gerast báðar sama kvöldið í bænum Zhítomír. Þær tengjast þemanu Ljútov og gyðingarnir og eru tileinkaðar örlögum gyðinga og hassíðisma á tímum borgarastríðsins.³⁹ Það er föstudagskvöld og hvíldardagurinn að renna upp. Ljútov þráir samneyti við „sitt fólk“, huggun og gleði. Í fyrri sögunni ráfar hann um bæinn í „leit að feiminni stjörnu“ og finnur gyðinginn og skransalann Gedalí. Þeir setjast niður og Ljútov bíður eftir að Gedalí taki til máls. Náttúran leggur til viðeigandi stemmningu og lýsingu: „Hlýtt loftið streymir fram hjá okkur. Himinninn skiptir litum. Milt blóð streymir úr flöskunni sem oltið hefur um koll þarna uppi og léttur rotnunarilmur umlykur mig.“⁴⁰ Gedalí setur fram heimspikilegar vangaveltur um byltinguna og gagnbyltinguna og spyr hvers vegna þær vilja báðar skjóta Gedalí, og hvenær verði til „Alþjóðasamband góðra manna“! Ljútov leggur lítið til samræðunnar og hefur engin svör önnur en útslitna og merkingarlausa byltingarfrasa, eins og að byltingin geti ekki látið vera að skjóta „vegna þess að hún er byltingin“ og að „[s]ólin skíni ekki í lokuð augu [...]“, en við munum ljúka upp lokuðum augum.⁴¹ Þegar Ljútov spyr Gedalí hvar hægt sé að fá gyðinglega hunansköku og te, svarar Gedalí: „Hvergi [...] Það er matstofa hér við hliðina og þar verslaði gott fólk, en þar er ekki lengur setið að snæðingi, þar er grátið.“⁴²

Í seinni sögunni halda Gedalí og Ljútov á fund rabbínans í þorpinu, þar sem Ljútov segist aðspurður leita „gleðinnar“. Þar sér hann líka Ílja, son rabbínans. Ílja heldur sig til hlés, er fjandsamlegur í viðmóti og reykir vindlinga, algerlega í trássi við þær reglur sem gilda um hvíldardaginn meðal trúaðra gyðinga. Gjáin milli hefðaveldisins og nýrra tíma er augljós. Aðstoðarmaður rabbínans snuprar unga manninn og kallar hann bölvadan, óhlýðinn son.⁴³ Þetta er illur fyrirboði, eins og koma mun í ljós. Ljútov snæðir fábrotinn kvöldverð með rabbínanum og Gedalí, þeir biðjast fyrir og drekka vín „sem ekki er borið á borð“, og heldur

³⁹ Е. И. Погорельская, „«Конарми» Исаака Бабеля“, bls. 298–299.

⁴⁰ Исаак Бабель, „Гедали“, 2, bls. 29–31, hér bls. 30.

⁴¹ Sama heimild, bls. 30.

⁴² Sama heimild, bls. 31.

⁴³ Исаак Бабель, „Рабби“, 2, bls. 35–38, hér bls. 36.

svo heim í herbúðirnar þar sem ljósin skína, prentvélarnar ganga og hans bíður ókláruð grein fyrir *Rauða riddaraliðann*.⁴⁴

Samfella sagnanna er rofin með sögunni „Fyrsta gæsin mín“, sem fjallað var um hér á undan. Hún er allt annars eðlis en hinar tvær og gerist ekki á sama tíma. Með þessum hætti verða fyrri sögurnar um Gedalí og Rabbínann að sjálfstæðari verkum en einnig er lesandanum neitað um að dvelja of lengi í friðsendinni. Honum er svipt um í tíma og rúmi sem gerir honum erfiðara fyrir að henda reiður á atburðarásinni. Ekki er síður mikilvægt að þessir tveir heimar, heimur hefða hassídagdyðinganna og heimur stríðsmanna byltingarinnar, eru algerlega aðskildir á hugmyndafræðilegu plani og nánast hvað tímasvið varðar.

Í lokasögunni, „Sonur Rabbínans“ (Сын рабби; Syn rabbi),⁴⁵ er hersveitin lögð á flótta austur á bóginn. Sögumaður er í lest „sem skriður eftir dauðu hryggjarstykki akranna,“ kastar kartöflum til fólks og þegar þær klárast „kastaði ég til þess bunka af dreifibréfum frá Trotskí.“⁴⁶ Hann kemur auga á Ilja, son rabbínans. Illa særður og klæðalítill er hann dreginn um borð í lestina. Í ljóðrænu og tregafullu innra samtali við vin lætur Ljútov hugann reika til kvöldsins í Zhítomír sem hann eyddi með Gedalí og rabbínanum: „Vasílí, manstu eftir Zhítomír? Manstu eftir ánni Teterev, og nóttinni þegar hvíldardagurinn, þessi ungi hvíldardagur skreið eftir sólsetrinu og kramdi stjörnurnar með rauðum hæl. [...] Fyrir utan gluggann hneggjuðu hestar og kósakkar hrópuðu. Eyðiland stríðsins geispaði fyrir utan gluggann.“⁴⁷ Ljútov endurtekur nafn vinarins í sífellu eins og í sjálfssefjun. Ljútov skoðar hafurtask Ilja og þar ægir öllu saman, gömlum heimi og nýjum, veraldlegum, andlegum og trúarlegum. Áróðursbæklingar, slitruv úr ljóði eftir gyðinglegt skáld, myndir af Lenín og Maimonides, trúarrit gyðinga, lokkur úr kvenmannshári lá á milli síðna í ályktun frá flokksráðsstefnu, á spássíur áróðursbæklinga kommúnista var búið að krota línur á forn hebresku... „Blaðsíður út Ljóðaljóðunum og skothylki féllu á mig eins og dapurlegt regn. Tregafull rigning sólsetursins skolaði rykið úr hári mínu ...“⁴⁸ Ilja hafði gengið til liðs við kommúnista og Rauða herinn, til þess eins að farast.

Og hann dó, þessi síðasti prins [ættar sinnar], innan um ljóð, verndargripi og fótabindi. Við jörðuðum hann bak við yfirgefna

⁴⁴ Sama heimild, bls. 38.

⁴⁵ Miðað við upphaflegan fjölda sagnanna.

⁴⁶ Исаак Бабель, „Сын рабби“, 2, bls. 128–129, hér bls. 129.

⁴⁷ Sama heimild, bls. 128.

⁴⁸ Sama heimild.

brautarstöð. Og ég, sem á fullt í fangi með að henda reiður á vindum ímyndunaraflsins í fornum líkama mínum – tók á móti síðustu andvörpum bróður míns.⁴⁹

Til hvers hefur verið barist? Hvað hefur áunnist? Svo virðist sem „hugmyndafræðin“ að baki herförinni sé blekkingin ein. Þegar herliðið hörfar og fer aftur um þau svæði sem það taldi sig hafa „frelsað“ einhverjum mánuðum áður kemur í ljós að ætlaðar framfarir og umskipti hafa alls ekki orðið,⁵⁰ ringulreiðin og eyðileggingin er meiri og dapurlegri ef eitthvað er. Húmanisminn og byltingin eru eins og hljóð og mynd sem ekki fara saman. Herinn ráfar um í lokuðum heimi sem siðmenningin hefur yfirgefið, og fer að snúast um að viðhalda sjálfum sér, með ofbeldi, ránum og nauðgunum, og mun á endanum jafnvel tortímast eins og „sonurinn“. Þessari örmögnun, ráðaleysi og tilgangseysi er kannski best lýst í dagbókarfærslu höfundar frá 6. ágúst 1920:

Hvers vegna er ég haldinn þessum trega? Vegna þess að ég er langt að heiman, vegna þess að við leggjum allt í rúst, förum um eins og hvirfilbylur, eins og rennandi hraun, allir hata okkur, lífið splundrast, ég er á stórri, endalausri líkvöku. [...]

Nótt, hlaða, ilmandi hey, en loftið er þungt, ég er undir einhverju fargi, [líklega] dapurlegu merkingarleysi lífs míns.⁵¹

ÚTDRÁTTUR

Vorið 1920 hélt Fyrsta riddaralið Rauða hersins í herför inn í Pólland. Herförin, sem var einn angi borgarastríðsins í kjölfar rússnesku byltingarinnar, átti að vera liður í útbreiðslu kommúnismans, en misheppnaðist sem slík. Rithöfundurinn Ísaak Babel fór með í þessa för sem fréttaritari tímaritsins *Rauða riddaraliðans* sem dreift var á vígstöðvunum. Frægasta verk Babels, smásagnasafnið *Riddaraliðið*, byggir á reynslu hans úr þessu hörmulega stríði. Sögumennirnir eru fleiri en einn, en Kírrill Ljútov er sá þeirra sem mest vægi hefur. Hann er draumóramaður og gyðingur í hersveit kósakka, sem reynir að koma auga á einhvern

⁴⁹ Sama heimild.

⁵⁰ Boris Wolfson, „Prose and the Revolution“, *The Cambridge Companion to Twentieth-Century Russian Literature*, ritstjórar Evgeny Dobrenko og Marina Balina, Cambridge: Cambridge University Press, 2011, bls. 59–77, hér bls. 65.

⁵¹ Исаак Бабель, „Дневник“, 1, bls. 402–403.

REBEKKA ÞRÁINSDÓTTIR

tilgang í ringulreið stríðsins en fyllist þess í stað djúpum trega. Í greininni er sagt frá *Riddaraliðinu* og nokkrum meginþemum þess.

Lykilorð: Ísaak Babel, Kirill Ljútov, borgarastríðið í Sovétríkjunum, Riddaraliðið, smásögur

ABSTRACT

Tricks and triggers in Babel's *Red Cavalry*

In the spring of 1920, the First Cavalry Army of the Red Army launched a campaign into Poland. This campaign, a branch of the civil war that followed the Russian revolution, was intended as part of the spread of world communism but ultimately failed in that regard. The writer Isaac Babel joined the campaign as a correspondent for the magazine *The Red Cavalryman*, which was distributed on the front lines. Babel's most famous work, the short story collection *Red Cavalry*, is based on his experiences in this tragic war. The main narrator, Kirill Lyutov, is a dreamer and a Jew in a Cossack unit. Searching for a meaning in the chaos of war, he instead becomes overwhelmed by deep sorrow. This article explores *The Red Cavalry* and some of its key themes.

Keywords: Isaac Babel, Kirill Lyutov, the Russian Civil War, *The Red Cavalry*, the short story

REBEKKA ÞRÁINSDÓTTIR

Háskóli Íslands

rebekka@hi.is